

Á HVÍTASUNNU

Eftir dr. Helga Pjeturss

LESBÓK MORGUNBLAÐSINS 1945

HVÍTASUNNUSAGAN, sem les-
 in hefir verið og lagt út af miljón-
 um sinnum, er ekki þessarar frægð-
 ar sinnar alveg ómakleg. En þó
 þarf nokkru við að bæta það sem
 áður hefir verið sagt, ef hún á að
 geta orðið að fullum notum. Sagt
 er frá aðstreymi kraftar sem furða
 fylgdi. m. a. sú, að postularnir töl-
 uðu tungur útlendinga sem þarna
 voru viðstaddir. Er óhætt að gera
 ráð fyrir því, að „heilög ritning“
 ýki þarna eigi allitíð þegar sagt
 er, að þarna hafi verið saman kom-
 ið, fólk „af öllum þjóðum undir
 himninum“. Hinsvegar er það mjög
 eftirtektarverð bending um að frá
 sönnu sje sagt, þegar ritningin læt-
 ur postulana tala þarna tungumál
 manna sem viðtaddir voru, en
 þeir sjálfir kunnu ekki. Kemur þar
 til greina afar þýðingarmikið nátt-
 úrulögmál sem jeg hefi fundið, og
 nefnt stillilögmálið (Law of deter-
 minants). Lýsir það sjer greinilega í
 draumum vorum, og eins á miðil-
 fundum. Nægir þar að nefna hvernig
 dóttir hins nafnkunna Edmonds
 dómara, talar í miðilsástandi, ný-
 grísku, þegar grískur maður er við-
 staddur, þó að hún kynni, vakandi,
 ekkert í því máli. Eins má minna
 á frásögu Herodots (IX, 135) af
 því, hvernig spámaður Apollóns,
 talar við mann frá Karíu, á hans
 eigin máli, þó að spámanninum væri
 það mál annars alveg ókunnugt.
 Kallar hinn ágæti gríski söguritari
 þetta hið mesta undur.

EF VJER viljum átta oss á þess-
 um tilsenda krafti sem menn hafa
 kallað heilagan anda — og það er
 alveg sjerstaklega þýðingarmikið
 að vjer gerum það — þá verðum
 vjer að leita til grískrar speki. —
 Pýþagoras, einn hinn ágætasti spek-
 ingur, sem verið hefir, segir að sál-
 ir þess sem á jörðinni lifir, berist
 hingað frá stjörnunum. Fáum vjer
 einþá meiri fróðleik um það efni,
 í hinni undursamlegu sköpunarsögu
 Platóns, þar sem segir, að hinn
 æðsti höfuðsmiður heimsins hafi
 ekki sjálfur beinlínis skapað mann-
 kyn (og hið annað óæðra líf), held-
 ur hafi hann skapað guði, sem að
 vísu voru honum óæðri, en ódauð-
 legir þó, og hinar furðulegustu ver-
 ur, fengið þeim bústaði á stjörnun-
 um, og falið þeim að skapa, mann-
 kyn jarðar vorrar (og hið annað
 óæðra líf). En þó að mannkynið
 sje sköpurum sínum miklu óæðra,
 og dauðanum háð, þá heldur það þó
 eftir dauðann áfram að lifa og
 flýst, ef rjett er lífað, hjeðan af
 jörðu til strnanna sem hinir ódauð-
 legu guðir byggja. En löngu eftir
 daga Platóns, talar spekingur, sem
 ekki er nefndur, um geislan frá
 stjörnunum, er hafi hina mestu þýð-
 ingu fyrir mannkyn jarðar vorrar
 og skapi því samband við íbúa
 stjarnanna. Tel jeg ekki vafa geta
 verið á því, að þetta aðstreymi
 „heilags anda“ sem getur í Hvíta-
 sunnusögunni, sje sama edlis og líf-
 geislanin frá stjörnunum, sem spek-
 ingurinn gríski telur svo þýðingar-

mikla fyrir mannkyn vort. Og að vísu er þar um sjálfa þá tilgeislan að ræða, sem tendrað hefir í upphafi lífið á jörðu vorri, og stafar frá hinum „sköpuðu guðum“ í sköpunarsögu Platóns.

III.

BÝSNA eftirtektarverðar eru þess ar kenningar grískrar speki, og hefir þeim þó verið lítill gaumur gefinn, svo lítill, að jeg veit ekki betur en að jeg hafi orðið fyrstur til að uppgötva hina ljómandi kenningu Pýþagorasar, um að sálir lífsins hjer á jörðu, berist hingað frá stjörnunum (í riti því sem nefnt er *Filosofúmena*, og einusinni var talið að vera eftir Origenes kirkjuföður, en nú eftir Hippolyt biskup). En víst er það, að jeg hefi ekki sjeð hennar gefið í neinni heimsspeki sögu vorra tíma. Þá er það einnig stórfróðlegt dæmi um furðulega lítinn skilning nútímans á þessum stórmerkilegu kenningum grískrar speki, að kunnur heimsspekiþrófessor við fragan háskóla, segir (í hinu mikla alfræðiriti *Encyclopaedia Britannica*, 18. b. s., 60), að þar sem Platón kveður hinn hæsta höfuðsmið hafa skapað aðra guði, sjer óæðri, þá sje ekki við annað átt en það að heimssmiðurinn hafi skapað stjörnurnar. Eða með öðrum orðum, að hinir sköpuðu, guðir, sjeu stjörnurnar. Oss rekur í rogastans á þessari skýringu hins lærða þrófessors. Hvernig getur nokkur ætl-

að Platóni, að hafa sagt aðra eins vitleysu og þá, að heimssmiðurinn hafi sett stjörnurnar niður á stjörnur? En að slíkur misskilningur á því sem ekki virðist unnt að misskilja, skuli geta átt sjer stað, þar sem annar eins lærðómsmaður og þrófessor Taylor á í hlut, sýnir býsna fróðlega, hversu ótamt jafnvel hinum lærðustu mönnum vorra tíma, er að setja lífið í samband við stjörnurnar, og hversu fjarri er, þarafleiðandi, hinu nauðsynlegi undirstöðuskilningur, sem jeg hefi verið að leitast við að koma fram. Má hjer einnig minna á það, hvernig framúrskarandi skáld og spekingar — eins og t. d. H. G. Wells og Bertrand Russell — hafa getað látið sjer til hugar koma, að ef til vill, sje í öllum alheimi ekki til líf nema hjer á jörðu. En Anatole France, einn af allra frægustu skáld, sagnahöfundum Frakka, og talinn, öðrum fremur spekingurinn þeirra á meðal, kemst einhverstaðar að orði á þá leið, að ef til vill sje lífið ekki annað en nokkurskonar mygla í stjörnuheiminum. Kemur í öllu slíku andríki greinilega fram, hve gerSAMLEGA hefir skort skilning á þýðingu lífsins í alheimi. — En þann skilning verðum vjer að öðlast, ef lífinu hjer á jörðu á að verða bjargað af vegi glötunarinnar. Er því síst furða, þó að oss finnist mikið um þann vísu til skilnings í þá átt, sem komið hefir fram í ritum forngrískra spekinga.

IV.

ÞAÐ MUN vera óhætt að full-
yrða, að engin vísindi hafa, jafn-
vel hjá hinum mestu mentaþjóðum,
verið eins lítils metin og jarðfræð-
in, og engir höfuðskörungar vís-
indanna eru eins sjaldan nefndir
og þeir, sem helst ber að þakka þá
þekkingu sem fengist hefir á hinni
furðulegu sögu jarðarinnar. Og þó
eru oss þessi vísindi alveg nauð-
synleg til skilnings á sjálfum oss,
sögu lífsins hjer á jörðinni, sögu
mannkynsins. Jarðfræðin hefir kent
oss, að óralangan tíma, svo að mil-
jónum alda skiftir, hefir verið til
líf hjer á jörðu, án þess tækist að
vaxa fram til mannkyns. Guðunum
sem, að því er Platón segir, var fal-
ið að framleiða hjer á jörðinni, hið
dauðlega en þó, viti borna og fram-
farahæfa mannkyn, hefir erfiðlega
gengið það sköpunarverk. Og jafn-
vel eftir að mannkyn er þó komið
fram, líða þúsundir alda svo, að
um sáralitlar framfarir er að ræða.

Oss furðar mjög á þessu, og eykst
þó enn undrun vor, er vjer glöggv-
uni oss á því, að í raun og veru hef-
ir alls ekki verið um þær fram-
farir að ræða, sem mest er þörfin
á. Maðurinn varð ófarsælasta ver-
an á þessari jörð. Og jafnvel eftir
að skriður fer að komast á fram-
farirnar, þá er það einungis á köfl-
um, sem mannkyninu vegnar betur
en áður. Alltaf dýnja hörmunga-
jelin yfir, og eins og aldrei hefir
komið eins glögglega fram og á
þessum síðustu áratugum mannkyns
sögunnar, jelin verða því verri, sem
betur hefir stytt upp á milli. Mann-
kyninu má líkja við sjúkling sem
fær sífellt verri og verri sóttarköst,
þó að svo líti út á milli kastanna,
sem honum sje að batna sóttin. Er
nú þegar, frá sjónarmiði jarðfræð-
innar, augljóst orðið, hvernig fara
muni, ef slíku vindur fram.

Hvað veldur nú því, að svona illa
hefir farið hjer á jörðu, að hel-
stefnan ræður, og að ekki er einu
sinni til neinn glöggur skilningur
á því, að breyta megi þannig um,
að lífstefna ráði, lífið hjer hætti
að vera hörmungum háð, hnignun
og dauða. En, það er það sem þarf
að verða, ef mannkyn jarðar vorr-
ar á, að sínuna hluta, að geta unnið
að því sem er hinn stórkostlegi til-
gangur lífsins. En tilgangur lífsins
í alheimi er sköpun fullkomins
heims.

V.

VANÞEKKING er það sem vand-
ræðunum veldur. Það er vegna van-
þekkingar, vorrar og þarafleiðandi
rangrar hegðunar, sem hinum sköp-
uðu guðum, þ. e. hinum fullkonn-
ari mannkynjum annara jarðstjarna
alheims, hefir ekki tekist að koma
á því sambandi við oss hjer á jörðu,
sem ómissandi er, ef komist á að
verða af vegi heljar og hörmunga.

Það þarf ekki að efa, að reynt
hefir verið til að bjarga oss. Það

hefir verið þráreynt að koma til
vor þeirri vitnagðan, að vjer skilj-
um hvernig ástætt er fyrir oss, og
hvað þarf til að bjargast. Hin mikla
spurning er nú, hvort oss mun þess
audið verða, að vitkast svo sem
þarf. En ef það tekst, þá mun
verða líkt og mannkynið vakni frá
illum draum. Þá mun gefa nýja
útsýn yfir heiminn og lífið. Útsýn
til hinnar dýrðlegustu framtíðar.
Þá mun hefjast öld sannra fram-
fara, og á fáeinum áratugum eða
jafnvel árum, munu þá verða meiri
breytingar til batnaðar á högum
mankynsins, en á þúsundum alda-
áður.

En mun þetta takast? Getum vjer
hugsað oss, að það mankyn, sem
altaf hefir metið hjegóma, lýgi og
villu, meir en sannleikann, fáið til
að koma auga á þann sannleik,
að það er á glötunarharmi, og að
það er ekkert sem getur bjargað
nema einmitt þessi lítilsvirti sann-
leikur, sem segja má, að speking-
arnir grísku hafi komið auga á fyrst
þó að í þoku væri, en nú hefir hjá
annari, langtum minni smáþjóð en
Grikkir voru, skilist svo glögðlega,
að fullkomlega mundi duga til
hinna bjargandi aldaskifta, ef und-
ir væri tekið.

Helgi Pjeturss.

17 Hvala, Sammu
desb. Mol. 1945